

## Fundargerð Skólanefnd.

### 5. fundur

Fundur í skólanefnd 7.05.2007 kl. 17:00 í Reykjahlíðaskóla.

Mættir voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Eypór Pétursson, Ásdís Jóhannesdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Sólveig Jónsdóttir og Auður Jónsdóttir.

1. Formaður skólanefndar bauð alla velkomna og kynnti dagskrána.

2. Kennararáðningar.

Skólastjóri upplýsti að borist hefði uppsögn frá Þuríði Helgadóttur.

Tvisvar hefur verðið auglýst eftir kennurum. Þrír núverandi leiðbeinendur, Sigríður Sigmundsdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir og Brynja Ingólfssdóttir hafa sótt um áframhaldandi stöður.

Tveir kennaranemar sem útskrifast í vor komu í síðustu viku til að kynna sér skólann.

Skólastjóri mælir með að gengið verði frá fastri ráðningu við Ingibjörgu Björnsdóttur og Sigríði G. Sigmundsdóttur þar sem þær ljúka sínu kennaranámi á næstkomandi skólaári og mælir skólanefnd því og að einnig gengið verði frá ráðningu við Ásdísi Illugadóttur sem stuðningsfulltrúa fyrir næsta skólaár.

3. Fjarnám.

Heilmiklar umræður fóru fram um fjarnám grunnskólanema og ákveðið að bóka eftirfarandi.

*Skólanefnd mælir með að greitt verði fyrir fjarnám þeirra grunnskólanema er ljúka samræmdu lokaprófi í 9. bekk með lokaeinkunn að lágmarki 8,0.*

4. Önnur mál.

1. Sólveig sagði frá áhugaverðri könnun sem skólastjóri Grunnskóla Þingeyrar framkvæmdi. Kannaði hann tímamagn til kennslu í fámennum skólum á landsbyggðinni. Reykjarhlíðarskóli var með næstlægstu úthlutun meðal þeirra skóla er svöruðu könnuninni...

2. Unnur var með erindi um námskrá leikskólans. Námskráin er tilbúin að öllu leyti nema það vantar ennþá svar frá sveitastjórn um hvert markmið hennar sé með rekstri leikskólans. Var sveitastjóra falið að svara því á 18. sveitastjórnarfundum 12. apríl sl.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 18:00

Hrafnhildur Geirsdóttir,  
Steinunn Ósk Stefánsdóttir,  
Eyþór Pétursson ,  
Ásdís Jóhannesdóttir,  
Þórhalla Valgeirsdóttir